

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.
b.t. Sigríðar Svönu Helgadóttur
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. febrúar 2022
Tilvísun: 202201-0071
SS/IAS
SS

Efni: Umsögn um verndargildi náttúruminja á jörðinni Lækjarhvammi í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið áframsenti umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytinu erindi er varðar forkaupsrétt ríkisins á jörðinni Lækjarhvammi í Aðaldal, Þingeyjarsveit, fastanr. 216-4742 landr. 153922. Jörðin er innan svæðis á náttúruminjaskrá og samkvæmt 5. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 skal ríkissjóður hafa forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá að þeim aðilum frágengnum sem veittur er forkaupsréttur með jarðalögum. Umhverfi-, orku- og loftslagsmálaráðuneytið óskaði eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um málið þar sem lagt væri mat á verndargildi náttúruminja á jörðinni og hvort náttúruverndarsjónarmið væru rök fyrir því að ríkið nýtti forkaupsrétt sinn.

Jörðin Lækjarhvammur er öll innan svæðis 526 á náttúruminjaskrá, *Gervigígabyrping í Aðaldal*, en um er að ræða fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra. Jörðin Lækjarhvammur er staðsett suðaustast á þessu svæði og er um 35 hektarar að stærð eða um 1,6% af heildarsvæðinu á náttúruminjaskrá sem er tæplega 21 ferkílómetrar að flatarmáli. Hraunið á jörðinni er að mestu hulið jarðvegi eða undir ræktuðu túni en þó standa nokkrir vellagaðir gervigígar upp úr túninu og jarðvegsþekjunni. Verndargildi gervigíga er mjög hátt og gervigígarinnir innan jarðarinnar eru hluti af þyrpingu gervigíga sem ástæða er til að sé vernduð til frambúðar.


Gervigígar eru meðal náttúruminja sem falla undir ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Þeim á því ekki að raska nema brýna nauðsyn beri til, framkvæmdaleyfi er nauðsynlegt ef stefnt er að því að raska þeim og leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndar áður en leyfið er veitt. Verndun á gervigígum á jörðinni á því að vera til staðar miðað við þau réttaráhrif sem felast í ákvæði 61. greinar óháð eignarhaldi.

Þá má bæta við að í núverandi eignarhaldi felast ekki réttindi til efnistöku svo sem sand- og malarnámi því þau hlunnindi voru undanskilin í kaupsamningnum þegar ríkissjóður seldi jörðina árið 1990. Gervigígum virðist ekki hafa verið raskað að neinu ráði hingað til á jörðinni þó þeir séu staðsettir á ræktuðum túnnum. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að ef engar breytingar verða á réttindum landeigenda á hlunnindum sem gætu ógnað stöðu gervigígana, þá eru ekki sérstaklega sterk rök fyrir að ríkið þurfi að nýta forkaupsrétt sinn vegna náttúruverndarsjónarmiða.



Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari upplýsingar er gagnast málinu ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.
Náttúrufræðistofnun Íslands.

